

## **EFNISTAKA Í LANDI GANDHEIMA**

Svör við umsögnum og  
athugasemdum við  
umhverfismatsskýrslu



**Mars 2026**

## 1 Inngangur

Námufélagið ehf. áformar efnistöku í landi Gandheima í Hvalfjarðarsveit á svæði norðan við bæinn Geldingaá. Kynningartími umhverfismatsskýrslu var frá 12. janúar til 23. febrúar 2026. Á tímabilinu bárust alls fimm umsagnir og í þessu skjali verður gerð grein fyrir athugasemdum sem komu fram og viðbrögðum Námufélagsins ehf. Umsagnir eru flokkaðar eftir umsagnaraðilum. Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni inni á Skipulagsgátt.

## 2 Listi yfir umsagnir og athugasemdir

Lögbundnir umsagnaraðilar	Dags. umsagnar
Náttúruverndarstofnun	13.02.2026
Náttúrufræðistofnun	23.02.2026
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	23.02.2026
Hvalfjarðarsveit	26.02.2026
Minjastofnun	12.03.2026

### 3 Umsagnir og viðbrögð Námufélagsins ehf.

Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð
Náttúruverndarstofnun	<p>Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að efnistaka fari fram á þegar röskuðum efnissvæðum innan Hvalfjarðarsveitar, sem skv. aðalskipulagi eru alls 35, fremur en að skipulögð verði efnistaka á nýju og óröskuðu landssvæði eins og áformað er í landi Gandheima.</p> <p>Þessi afstaða er í samræmi við stefnumótun sem kemur fram um efnistöku- og efnislosunarsvæði í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 þar sem segir á bls. 38 í greinargerð; „Efnistaka verður takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu. Jafnframt verður gengið frá þeim efnistökusvæðum sem ekki eru í notkun. Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum.“</p>	<p>Líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu kallar fyrirhuguð framkvæmd á breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar áður en efnistaka getur hafist. Það er mat framkvæmdaraðila, eins og lýst er í umfjöllun um forsendur framkvæmdar, að heimildir til efnistöku samkvæmt gildandi skipulagi dugi ekki til að mæta fyrirsjáanlegri efnisþörf á skipulagstímabilinu, en umfangsmiklar framkvæmdir eru fyrirséðar á svæðinu á næstu árum sem munu kalla á verulega efnisþörf.</p>
Náttúruverndarstofnun	<p>Framkvæmdir eru taldar hafa nokkuð neikvæð áhrif á gróðurfar og vistgerðir þar sem búast má við staðbundnum áhrifum á votlendi vegna uppbyggingu vegar. Rask vegna efnistöku mun að mestu leyti vera á svæði þar sem verndargildi er ekki hátt. Engar tegundir æðplantna á valista fundust á svæðinu. Verði umrædd efnistaka heimiluð telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að á framkvæmdatíma standi framkvæmdaaðili fyrir reglubundinni vöktun á stöðu gróðurfars og vistgerða og leggi fram áætlun um raunhæfar mótvægisáðgerðir.</p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir á að votlendi nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkjara, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.</p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir á að tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi og því þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.</p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við</p>	<p>Líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu er efnistaka ekki fyrirhuguð á votlendi. Staðbundið rask á votlendi verður þegar núverandi slóði sem liggur um svæðið verður byggður upp. Sú útfærsla að byggja upp slóðann þar sem hann liggur þegar um votlendið er talin ákjósanlegri, en að skoða aðrar staðsetningar, með tilliti til umhverfissjónarmiða þar sem hún lágmarkar nýtt rask. Líkt og gerð er grein fyrir í umhverfismatsskýrslu telur framkvæmdaraðili brýna þörf á nýjum efnistökusvæðum í landshlutanum vegna fyrirsjáanlegrar þörf á efni. Verndargildi efnistökusvæðisins er ekki metið hátt m.t.t. lífríkis. Fyrirhugað efnistökusvæði er talið hentugt til efnistöku þar sem borsýni sýna að á svæðinu eru laus jarðlög, melur og mól sem henta vel til nýtingar í mannvirkjagerð. Svæðið er jafnframt vel staðsett miðsvæðis á Vesturlandi með góðar tengingar við helstu samgönguinnviði. Námufélagið tekur undir mikilvægi vandaða frágangs, vegna uppbyggingu vegar, efnistöku og landmótun, til að lágmarka neikvæð áhrif. Með hliðsjón af niðurstöðum matsins á gróðurfar og fuglalíf er ekki talin þörf á reglubundinni vöktun á framkvæmdatíma.</p>

	<p>mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun. Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.</p> <p>Verði umrædd efnistaka heimiluð telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að á framkvæmdatíma standi framkvæmdaaðili fyrir reglubundinni vöktun á stöðu votlendissvæðisins og leggi fram áætlun um raunhæfar mótvægisáðgerðir.</p> <p>Framkvæmdir eru líklegar til að hafa staðbundin áhrif á fuglalífs. Ekki er talið líklegt að breyting verði á einkennum fuglalífs á svæðinu. Áhrif eru metin nokkuð neikvæð.</p> <p>Verði umrædd efnistaka heimiluð telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að á framkvæmdatíma standi framkvæmdaaðili fyrir reglubundinni vöktun á stöðu fuglalífs á svæðinu.</p>	
<p>Náttúruverndarstofnun</p>	<p>Náttúruverndarstofnun telur fyrir séð að áformuð efnistaka á svæðinu komi til með að breyta einkennum landslagsins umtalsvert, bæði mótun yfirborðs og hæðarlína. Við efnistöku verður mól fjarlægð og myndar þannig dældir eða gryfjur sem lækka landhæðina á athugunarsvæðinu, en áætlað er að grafið verði niður á allt að 16 metra dýpi.</p> <p>Á framkvæmdatíma getur efnistakan myndað skörp skil á milli óraskaðs lands og svæða þar sem efni hefur verið fjarlægt sem veldur því að umrætt svæði fellur síður að næsta umhverfi sínu og dregur úr náttúrulegri heildarmynd.</p> <p>Með áfangaskiptingu og vönduðum frágangi er hægt að milda áhrif efnistöku á landslag. Niðurstaða Umhverfismatsskýrslu er að framkvæmdin muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.</p>	<p>Umsögn er í samræmi við megin niðurstöður umhverfismatsins. Efnistaka mun breyta einkennum landslags og á framkvæmdatíma getur efnistaka myndað skörp skil á milli ótruflaðs lands og svæða þar sem efni hefur verið fjarlægt. Framkvæmdaraðili tekur undir mikilvægi þess að landmótun falli sem best að landslagi svæðisins. Efnistakan verður áfangaskipt til að takmarka umfang raskaðs svæðis hverju sinni og jafnframt verður tekið á móti efni og land mótað jafnóðum samhliða vinnslu. Til að draga úr sjónrænum áhrifum er stefnt að því að gróðursett verði meðfram þeirri hlið svæðisins sem snýr að veginum, til að lágmarka sýnileika framkvæmdarinnar.</p>

	<p>Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekin afstaða til þessa atriðis. Vegna stærðar þess svæðis sem hér um ræðir og umfang fyrirhugaðrar efnistöku er sérstaklega mikilvægt að huga að huga að útfærslu landmótunar bæði meðan á framkvæmdum stendur og að efnistöku lokinni.</p> <p>Landmótun sem fellur að landslagi og náttúruvæðingum svæðisins er æskilegri mótvægisáðgerð en gróðursetning trjáa, aspa sem getið er um á bls. 34 í umhverfismatsskýrslunni.</p> <p>Náttúruverndarstofnun telur að ekki ætti að nota framandi trjategundir sem falla illa að náttúru og landslagi svæðisins.</p>	
<p>Náttúruverndarstofnun</p>	<p>Náttúruverndarstofnun vekur athygli á að í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 er skilgreint hverfisverndarsvæði, HV1, Jökulgarðar sunnan Blákolls. Svæðið liggur að landi Gandheima.</p> <p>Í skipulagsákvæðum kemur fram að: „<i>Jökulgarðar í landi Fiskilækjar, Skorholts og Narfastaða. Jökulgarðarnir eru umfangsmiklir og bera vitni um jarðfræðisögu svæðisins. Jökulgarðarnir skulu varðveittir í sem heillegastri mynd.</i></p> <p><i>Mannvirkjagerð á svæðinu er leyfð svo fremi sem framkvæmdin raski ekki landformi. Efnistaka er óheimil.</i>“</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu er þess getið að fyrirhugað efnistökusvæði muni ekki ná inn á hverfisverndina eða rýra verndargildi svæðisins. Talið er að áhrifin verði staðabundin og óveruleg. Í þessu samhengi bendir Náttúruverndarstofnun á að fyrirhugað efnistökusvæði liggur mjög nærri umræddum jökulgörðum, sem háðir eru hverfisvernd, og telur stofnunin að sýnileg áhrif mögulegrar efnistöku á hverfisverndina verði veruleg og neikvæð og muni rýra heildstæða sýn og gildi umræddra jarðmyndana.</p>	<p>Sjá viðbrögð við sambærilegri umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands hér að neðan.</p>
<p>Náttúruverndarstofnun</p>	<p>Náttúruverndarstofnun vekur athygli á því að fyrirhugað efnistökusvæði liggur að hluta samhliða skilgreindu vatnsverndarsvæði skv. Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.</p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að Geldingá sem er í jaðri framkvæmdasvæðisins rennur í Grunnafjörð sem er skilgreint friðland með staðfesta friðlýsingu frá árinu 1994. Tilgangur friðlýsingarinnar var að vernda landslag og lífríki svæðisins, sér í lagi fuglalíf sem er mjög auðugt.</p> <p>Árið 1996 var svæðið samþykkt sem Ramsar svæði sem er votlendi með alþjóðlegt gildi. Grunnafjörður er eina Ramsar svæðið á Íslandi sem liggur að sjó. Athygli vekur</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að rými er afmarkað meðfram Geldingá sem verður ekki raskað. Þannig er komið í veg fyrir að rask verði á ánni sjálfri og áhrif á Grunnafjörð eru því ekki talin líkleg. Ekki verður rask innan vatnsverndarsvæðis og skilgreindar hafa verið áhættuminnkandi aðgerðir ef mengunaráhöpp eiga sér stað. Áhrifamat á vatnshlot mun fylgja leyfisumsóknum fyrir framkvæmd.</p>

	<p>að í umhverfismatsskýrslunni er hvergi minnst á friðlandið í Grunnafirði eða Ramsar svæðið og það alþjóðlega gildi sem svæðið í heild hefur.</p> <p>Verði umrædd efnistaka heimiluð bendir Náttúruverndarstofnun á nauðsyn þess að framkvæmdaaðili setji fram vöktunar- og viðbragðsáætlun um mótvægisáðgerðir vegna vatnsverndar og vatnshlots svæðisins. Slík vöktun og viðbragðsáætlun er einnig mikilvæg í því skyni að lágmarka möguleg neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdar á friðlandið í Grunnafirði og Ramsar svæði með viðurkennt alþjóðlegt gildi.</p>	
Náttúruverndarstofnun	<p>Samkvæmt umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila má búast við staðbundnu ónæði vegna vinnslu efnis og umferð vinnutækja, ásamt efnisflutningum. Framkvæmdir eru taldar hafa óverulega neikvæð áhrif á hljóðvist. Einnig kemur fram að áhrif framkvæmda á loftgæði eru talin staðbundin, afturkræf og ekki talin breyta einkennum loftgæða til lengri tíma. Áhrif gætu helst komið fram í ákveðnum veðurskilyrðum á framkvæmdatíma og meðan verið er að græða röskuð svæði upp.</p> <p>Verði umrædd efnistaka heimiluð bendir Náttúruverndarstofnun á nauðsyn þess að framkvæmdaaðili setji fram vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun um mótvægisáðgerðir vegna hljóðvistar og loftgæða.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um mótvægisáðgerðir m.t.t. loftgæða. Áhersla verður lögð á að grassáningu og áburðargjöf í manir og við frágang, eftir því sem framkvæmd miðar áfram eins og kostur er til að hefta jarðvegsfok. Vegna efnisflutninga er hægt að rykbinda malarvegi ef þörf er á og verður það metið jafnóðum. Áhrif á hljóðvist eru meti og ekki talin hafa áhrif á næstu íbúðabyggðir, sem eru í nokkurri fjarlægð frá efnistökusvæðinu, fyrir utan bæina Gandheima og Geldingaá, sem eru í eigu framkvæmdaraðila.</p> <p>Með hliðsjón af niðurstöðum matsins á hljóðvist og loftgæði er ekki talin þörf á frekari vöktun á framkvæmdatíma.</p>
Náttúruverndarstofnun	<p>Að mati Náttúruverndarstofnunar er líklegt að möguleg efnistaka í landi Gandheima komi til með að hafa staðbundin og neikvæð umhverfisáhrif.</p> <p>Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd á öröskuðu svæði innan nokkuð þéttbýls landbúnaðarsvæðis í Hvalfjarðarsveit og nærri Hringvegi (Þjóðvegi 1). Fyrirhugað framkvæmdasvæði er um 52 ha að flatarmáli áformuð efnistaka er allt að 4.800.000 rúmmetrar á 24 árum. Áhrifin verða mest og neikvæðust á ásýnd og landslag, votlendi, fuglalíf, vistgerðir og einnig á skilgreint hverfisverndarsvæði (Jökulgarða, jarðmyndanir sunnan Blákolls). Framkvæmdin er einnig líkleg til að geta haft neikvæð áhrif á loftgæði, hljóðvist og vatnsvernd. Eins og komið hefur fram hér að framan telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt, ef umrædd efnistaka verði heimiluð, að framkvæmdaraðili leggi fram ítarlega áætlun um vöktun og mótvægisáðgerðir á framkvæmdatíma gagnvart þeim umhverfisþáttum sem framkvæmdin er talin hafa neikvæð umhverfisáhrif á. Einnig er mikilvægt að framkvæmdaraðili leggi fram skýra áætlun um landmótun og frágang efnistökusvæðisins á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdin sé líkleg til að hafa staðbundin neikvæð umhverfisáhrif.</p>	<p>Umsögn Náttúruverndarstofnunar er í samræmi við meginniðurstöður umhverfismatsskýrslu um staðbundin neikvæð áhrif.</p> <p>Við leyfisumsóknir verður gerð nánari grein fyrir útfærslu framkvæmdarinnar, m.a. áfangaskiptingu efnistöku og áætlun um landmótun og frágang svæðisins að framkvæmdum loknum.</p> <p>Líkt og fjallað hefur verið í svörum hér á undan er ekki talin þörf á frekari vöktun á framkvæmdatíma í ljósi niðurstöðu umhverfismatsskýrslu.</p>
Náttúrufræðistofnun	<p>Um er að ræða nýja mjög stóra námu þar sem efni hefur ekki verið tekið áður. Framkvæmdaraðili metur framtíðarefnisþörf og gerir lauslega grein fyrir efni sem eftir er í fyrirbyggjandi námum. Er niðurstaðan sú að efnisskortur sé yfirvofandi en</p>	<p>Námufélagið bendir á að þó að þó óvissa sé um hvort allar framkvæmdir sem fjallað er um í umhverfismatsskýrslu verði að veruleika er ljóst að töluvert umfang er að ræða auk þess sem það er allt eins líklegt að fleiri</p>

	<p>Náttúrufræðistofnun bendir á að ekki er víst að allar efnisfrekustu framkvæmdirnar verði að veruleika og að æskilegra sé að nýta efni á þegar röskuðum svæðum áður en opnuð eru ný efnistökusvæði.</p> <p>...</p> <p>Heilbrigðiseftirlitið bendir á að fæst efnistökusvæði í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar hafi gilt starfsleyfi. Af þeim 35 svæðum sem eru nefnd í skýrslunni, þá eru aðeins Bakki og Skorholt, Stóra Fellsöxl og Hólabrú með starfsleyfi. Athygli vekur að Hólabrú er ekki nefnd í töflu 2.1 og er mikilvægt er að þessi framsetning verði leiðrétt svo skýrslan gefi rétta mynd af stöðu efnistökusvæða og leyfismálum.</p> <p>Heilbrigðiseftirlitið bendir jafnframt á að endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir um ýmsar þær framkvæmdir sem taldar eru upp í yfirliti á blaðsíðu 3. Nauðsynlegt er að skýra betur hvaða framkvæmdir eru staðfestar og hvaða framkvæmdir eru enn á áformastigi svo forsendur um efnisþörf og umfang efnistöku verði raunhæfari á þessu stigi.</p>	<p>áform bætist við á komandi árum. Niðurstaðan er að líkur séu á að mikil eftirspurn verði um efni í landshlutanum á komandi árum. Í umhverfismatsskýrslu er því gerð grein fyrir fyrirsjáanlegri eftirspurn eftir jarðefnum og stöðu núverandi efnistökusvæða, sem bendir til að þörf sé á nýjum efnistökusvæðum til að mæta þeirri þróun.</p>
<p>Náttúrufræðistofnun</p>	<p>Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni er fyrirhugað efnistökusvæði við hverfisverndarsvæði, HV1, jökulgarðar sunnan Blákolls. Í skipulagsákvæðum kemur fram að: „<i>Jökulgarðar í landi Fiskilækjar, Skorholts og Narfastaða. Jökulgarðarnir eru umfangsmiklir og bera vitni um jarðfræðisögu svæðisins. Jökulgarðarnir skulu varðveittir í sem heillegastri mynd. Mannvirkjagerð á svæðinu er leyfð svo fremi sem framkvæmdin raski ekki landformi. Efnistaka er óheimil.</i>“</p> <p>Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni mun fyrirhuguð efnistaka ekki ná inn á hverfisverndarsvæðið og er ekki talin rýra verndargildi svæðisins. Áhrifin eru metin staðbundin og óveruleg.</p> <p>Náttúrufræðistofnun bendir þó á að samkvæmt rannsóknnum er fyrirhugað efnistökusvæði hluti af jökulgarðinum en hann samanstendur af nokkrum samsíða hryggjum og er samtals um 5 km langur og meira en 2 km breiður og er því talin ná að Geldingaá. Ysti hluti jökulgarðsins er ógreinilegri þar sem hann er töluvert lægri en garðbrot sjást innan efnistökusvæðisins. Jökulgarðurinn er talin hafa myndast vegna framrásar jökuls úr Borgarfirðinum undir lok síðasta jökulskeiðs. Á þeim tíma var sjávarstaðan mun hærrí en hún er í dag vegna fargs jökulsins og gekk jökullinn því út í sjó. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á svæðinu hafa skilað mikilli þekkingu á hörfun íslenska meginjökulsins og þeim umhverfisbreytingum sem urðu við lok síðasta jökulskeiðs.</p>	<p>Milli sunnanverðs Ölvers og Melasveitar liggur stór jökulgarður sem hefur verið kenndur við Skorholtsmela. Meginhryggur jökulgarðsins teygir sig til suðurs frá Ölveri og nær á milli Fiskilækjarvatns og farvegar Geldingaár. Garðurinn samanstendur af nokkrum samsíða hryggjum og er um 5 km langur og yfir 2 km breiður, en bogadregin lögun hans bendir til að hann hafi myndast við framrás jökuls úr Borgarfirði. Vestan við garðinn er einnig víða að finna stórgrýti sem jökull hefur borið með sér og skilið eftir þegar hann hörfaði til norðurs <sup>1</sup>. Svæðið hefur vísindalegt gildi og er gildið mest á Skorholtmelunum sjálfum og er hverfisverndað í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Efnistökusvæðið er í jaðri þess svæðis sem hér er lýst og utan hverfisverndar. Framkvæmdaraðili gerir ekki athugasemd við umsögn Náttúrufræðistofnunar um að áhrif framkvæmda hafi nokkuð neikvæð á jarðmyndanir.</p>

<sup>1</sup> Þorbjörg Sigfusdóttir, Ívar Örn Benediktsson (2021) Saga jökulframrasa í utanverðum Borgarfirði. Borgfirðingabók.

	<p>Mat Náttúrufræðistofnunar er því að kafla: „8.1 Lýsing á grunnástandi jarðfræði og jarðmyndana“ gefi ekki nógu skýra mynd af jarðfræði svæðisins og æskilegt væri að bæta úr því.</p> <p>Enn fremur er það mat stofnunarinnar að sýnileg áhrif fyrirhugaðrar efnistöku hafi neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og muni rýra heildstæða sýn og gildi umræddra jarðminja.</p> <p>Náttúrufræðistofnun tekur undir að líklegt er að náman muni hafi nokkuð neikvæð áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Þá telur stofnunin að áhrif á jarðminjar verði einnig nokkuð neikvæð en ekki óverulega neikvæð.</p>	
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	<p>Á [mynd 3.1 í umhverfismatsskýrslu] er merkt brunnsvæði VB30 en um þetta vatnsverndarsvæði er ekki fjallað með fullnægjandi hætti síðar í skýrslunni. Þar er jafnvel sagt að afmörkun efnistökusvæðis nái ekki inn á vatnsverndarsvæði. Þessi umfjöllun er ósamræmd og þarf að skýra betur. Gera þarf skýran texta um vatnsverndarsvæði, afmörkun þeirra og hvaða verndarráðstafanir gilda með hliðsjón af reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, þar á meðal ákvæðum 13. gr. um vatnsverndarsvæði.</p>	<p>Líkt og nefnt er í skýrslunni er vatnsbólið (VB30) innan efnistökusvæðisins fyrir landeigendur, og verður fært. Efnistökusvæðið afmarkast við vatnsverndar svæði til norðurs og austurs, en nær ekki inn á þau.</p>
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	<p>Einnig þarf að gera áhrifamat í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis og Orkustofnunar vegna laga um stjórn vatnamála. Að mati Heilbrigðiseftirlitsins er stærsti áhættuþátturinn fyrir vatnsvernd á svæðinu umferð og slysaætta, einkum vegna þungaflutninga, olíu og mögulegra mengunaróhappa nærri vatnsverndarsvæðum.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu hafa verið unnin drög að áhrifamati á vatnshlot, í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Helstu áhrifaþættir hafa verið skilgreindir og lagðar til áhættuminnkandi aðgerðir ef mengunaróhöpp eiga sér stað. Í tengslum við undirbúningsrannsóknir voru tekin borsýni sem náðu niður á allt að 60 metra dýpi, án þess að komið væri niður á grunnvatn. Þessar niðurstöður gefa til kynna að svæðið sé ekki viðkvæmt gagnvart mengunarslysi því að dýpi niður á grunnvatnsborð er mikið. Ekki er því talið líklegt að mengun geti borist frá efnistökusvæði niður í grunnvatnshlot. Áhrifamat á vatnshlot mun fylgja leyfisumsóknnum fyrir framkvæmd. Áhrifamatið verður uppfært frá því sem unnið hefur verið í tengslum við umhverfismatsskýrslu ef við á.</p>
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	<p>Fjalla þarf nánar um umferð og setja skýr skilyrði um rykbindingu. Þá þarf að gera ráð fyrir aðgerðum sem koma í veg fyrir að mól og aur berist út á malbikaðan veg, svo sem með rimlahliði áður en ekið er út á þjóðveg eða dekkjaþvottavél. Mikilvægt er að veghönnun og tenging við Vesturlandsveg verði þannig að slysaætta verði sem minnst, helst með sérstakri að- og frárein. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er eðlilegt að slík vegagerð verði tekin fyrir strax á fyrstu stigum framkvæmdar.</p>	<p>Við undirbúning umhverfismatsskýrslu var haft samráð við Vegagerðina um áherslur í umfjöllun um aðkomu í umhverfismatsskýrslu og er umfjöllun í kafla 6.3, í umhverfismatsskýrslu, niðurstaða þess samtals. Framkvæmdaraðilar og landeigendur verða í samráði við Vegagerðina þegar unnið verður að útfærslu Vesturlandsvegur og hvernig flutningum til og frá svæðinu verði háttað. Sömuleiðis munu framkvæmdaraðilar skoða í samráði við Vegagerðina hvaða aðgerðir þarf að fara í við núverandi gatnamót til að tryggja gott flæði umferðar og flutninga, ásamt því að tryggja umferðaröryggi t.a.m. með því að útbúa fráreinar við gatnamótin.</p>

		<p>Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um mótvægisáðgerðir m.t.t. loftgæða. Áhersla verður lögð á að grassáningu og áburðargjöf í manir og við frágang, eftir því sem framkvæmd miðar áfram eins og kostur er til að hefta jarðvegsfok. Vegna efnisflutninga er hægt að rykbinda malarvegi ef þörf er á og verður það metið jafnóðum.</p>
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	<p>Heilbrigðiseftirlitið telur hæpið að komast að þeirri niðurstöðu að ekki verði breyting á einkennum fuglalífs á svæðinu. Fuglar verða fyrir verulegum áhrifum í nálægð við framkvæmdir og vegi og truflun getur haft áhrif á orkubúskap þeirra þannig að þeir þurfi að afla sér meiri fæðu til að vinna upp álag. Slík áhrif geta skert afkomu fugla og því þarf að rökstyðja betur áhrifamat á fuglalíf og leggja fram skýrari mótvægisáðgerðir ef þörf krefur.</p>	<p>Athugun á fuglalífi á svæðinu benti til að á langstærstum hluta fyrirhugaðs efnistökusvæðis sé þéttleiki fugla lágur, enda að mestu uppgræddur melur. Fjölbreytt fuglalíf var helst að finna við Geldingaá og syðst á svæðinu, í og við votlendið. Þó vænta megi fælingaráhrifa á framkvæmdartíma staðbundið, er ekki talið líklegt að breyting verði á einkennum fuglalífs þegar litið er til svæðisbundinna áhrifa.</p>
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	<p>Varðandi fyrirhugaða gróðursetningu 6 til 8 metra hárra aspa, telur Heilbrigðiseftirlitið hæpið að raunhæft sé að flytja svo stór tré með viðunandi árangri þar sem rötarkerfi þeirra er takmarkað. Þá verður ekki annað skilið en að gróðursetningin sé fyrirhuguð við jaðar efnistökusvæðis sem snýr að Hringvegi þar sem votlendi er staðsett. Heilbrigðiseftirlitið telur það óheppilegt enda eru aspir þekktar fyrir að hafa áhrif á vatnsbúskap og geta stuðlað að þurrkun svæða. Endurskoða þarf þessa mótvægisáðgerð bæði með hliðsjón af staðsetningu og tegundavali gróðurs.</p>	<p>Rétt er að snúið getur verið að flytja jafn há tré og nefnd eru í skýrslunni. Ef góður rötarnhaus næst við uppgröft, trén vel stöguð eftir gróðursetningu og flutningurinn framkvæmdur á réttum tíma getur árangur verið ásættanlegur. Alaskaösp getur einnig sýnt talsverðan sveigjanleika og bætt við blöðum og greinum með dvalarbrumum eftir að hafa komið sér fyrir, þó hluti af krónunni tapist vegna flutningsins eða vöskvorts. Ef rötarnhausinn reynist ófullnægjandi í einhverjum tilvikum, verða minni tré gróðursett í staðin.</p> <p>Framkvæmdaraðila er ekki kunnugt um nein dæmi þess að skógar eða tré hafi neikvæð áhrif á vatnafar eða votlendi á Íslandi. Örfá tré geta ekki þurrkað upp mýri og áhrifin, ef einhver, væru staðbundin og óveruleg við samanburð við náttúruleg vatnsflæði og jarðvegseiginleika votlendis.</p>
Hvalfjarðarsveit	<p>Að mati Hvalfjarðarsveitar hefði verið æskilegt að útskýra fyrirhugaða færslu vatnsbólsins nánar í umhverfismatsskýrslunni, svo sem með því að tilgreina nýja staðsetningu og fjalla um fýsileika hennar út frá tiltækum gögnum. Gildir þá einu þótt eigendur Geldingaár séu jafnframt eigendur efnistökusvæðisins að hluta eða öllu leyti. Í þessu sambandi skiptir máli að samkvæmt gildandi aðalskipulagi verða engar framkvæmdir eða starfsemi sem ógnað geta brunnsvæðum leyfðar í nágrenni þeirra. Einnig ber að hafa í huga að rennislíðir vatns undir yfirborði eru ekki sýnilegar og því erfitt, án undangenginna rannsókna, að fullyrða um áhrif rasks á einum stað á vatnsstreymi annars staðar. Afmörkun vatnsverndarsvæða í skipulagi byggir ekki endilega á slíkum rannsóknum og því varhugavert að slá neinu föstu að lítt athuguðu máli um áhrif efnistöku á vatnsbúskap á svæðinu. Áður en ákvörðun er tekin er að mati Hvalfjarðarsveitar þörf á nánari skoðun á vatnsbúskap svæðisins í heild.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu miðast forsendur fyrir stærð og afmörkun efnistökusvæðisins við að vatnsból fyrir landeigendur verði fært. Samtal við sveitarfélagið um útfærslu og staðsetningu vatnsbóls munu fara fram á skipulagsstigi.</p>

<p>Hvalfjarðarsveit</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að framkvæmdir af því tagi sem áætlaðar eru á svæðinu muni óhjákvæmilega koma niður á fuglalífi þess. Fuglar muni væntanlega hverfa að mestu af svæðinu og sömuleiðis muni framkvæmdirnar og aukin umferð hafa fælandi áhrif sem ná út fyrir röskunarsvæðið. Áhrif framkvæmda á fuglalíf eru þó talin staðbundin og að mestu bundin við svæði þar sem fuglalíf er þegar takmarkað. Ekki sé talið líklegt að breyting verði á svæðisbundnum einkennum fuglalífs. Þegar þetta er skoðað er ástæða til að hafa í huga að víða um land standa til aðrar framkvæmdir sem rétt eins og þessi framkvæmd eru taldar hafa nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf. Jafnvel þótt áhrifin á hverjum stað séu tiltölulega lítil geta samanlögð heildaráhrif á landsvísu verið afgerandi, sérstaklega þegar haft er í huga að helstu mólendisfuglum landsins hefur fækkað árvisst og verulega undanfarin ár. Þetta á m.a. við um tegundir sem flokkast sem ábyrgðartegundir á Íslandi, þ.e. tegundir sem Íslendingum ber alþjóðleg skylda til að standa vörð um. Að því er fram kemur í umhverfismatsskýrslunni verpa fjórar slíkar tegundir á svæðinu sem um ræðir, þ.e.a.s. stelkur, jaðrakán, spói og lóupræll. Með þetta í huga kann að vera ástæða til að skoða áhrif framkvæmda á borð við þá sem hér um ræðir á fuglalíf nánar og í víðara samhengi.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu er lagt mat á áhrif á fuglalíf sem rekja má til viðkomandi framkvæmdar. Niðurstaðan er að þó vænta megi fælingaráhrifa er ekki talið líklegt að breyting verði á einkennum fuglalífs þegar litið er til svæðisbundinna áhrifa.</p>
<p>Hvalfjarðarsveit</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að markmiðið með efnistöknunni sé að mæta vaxandi þörf fyrir jarðefni í Hvalfjarðarsveit og nágrenni og fram kemur í skýrslunni að mikil uppbygging sé fyrirhuguð á næstu árum og áratugum þar sem heildarefnisþörf sé áætluð yfir 3,3 milljónir rúmmetra. Sveitarfélagið leggur ekki mat á þessa útreikninga sem slíka, en eðlilegt er að líkleg efnisþörf sé einn þeirra þátta sem taka þarf í umræðuna, ef og þegar breyting verður á stefnumótun aðalskipulagsins, en eins og komið hefur fram er stefna sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 að efnistaka verði „takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu“. Núverandi heimildir skv. aðalskipulagi ásamt þeim breytingum sem samþykktar hafa verið að undanfögnu, er um 10 milljón m<sup>3</sup> á um 200 ha svæði. Ljóst er að af þeim landeigendum og námuréttarhöfum sem þegar eru með skilgreindar námur skv. aðalskipulagi, hafa nokkrir þeirra verið í viðræðum við sveitarfélagið um stækkun á sínum námum og/eða eru með umsóknir í gangi í þeim efnum. Sveitarfélagið tekur því ekki undir með skýrsluhöfundum að sú uppbygging sem fyrirhuguð sé á næstu árum og áratugum á svæðinu, geti ekki rúmast innan þeirra heimilda sem núverandi námur hafa skv. aðalskipulagi, einnig í ljósi þess að ýmsir landeigendur og námuréttarhafar huga að stækkun sinna náma í náninni framtíð. ... Sveitarfélagið minnir á að framkvæmdin sem um ræðir er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni kallar framkvæmdin enn fremur á breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, þar sem svæðið sem um</p>	<p>Námufjélagið tekur undir með Hvalfjarðarsveit um mikilvægi þess að heildarúttekt á efnisþörf og stöðu efnistökusvæða liggja fyrir við ákvarðanatöku. Við undirbúning umhverfismats var unnin lausleg greining á eftirstandandi heimildum á núverandi efnistökusvæðum og efnisþörf miðað við framkvæmdir og uppbyggingu mannvirkja sem eru á döfinni. Það er mat framkvæmdaraðila að eftirspurn eftir efni muni aukast á komandi árum og að framboð efnistökusvæða í gildandi skipulagi dugar ekki til að mæta þeirri þróun sem fyrir liggur. Sveitarfélagið hefur kynnt áform um breytingar á aðalskipulagi til að auka heimildir á ákveðnum efnistökusvæðum í sveitarfélaginu. Sú ákvörðun er til mikilla bóta þannig að unnt verði að mæta að einhverju leyti framtíðarefnisþörf, en meira þarf til að mati framkvæmdaraðila.</p> <p>Að mati framkvæmdaraðila er jafnframt mikilvægt að ákvarðanir um framtíðarefnistökusvæða byggja á heildstæðri greiningu á efnisþörf og framboði svæða, þar sem tekið er mið af gæðum þeirra jarðefna sem tiltæk eru. Framkvæmdaraðili hefur látið vinna rannsóknir á jarðefnum í Gandheimum og niðurstöður benda til að þar sé að finna efni með mjög hagstæða eiginleika m.t.t. nýtingar í burðarlöngum, fyllingum og slitlögum.</p>

	ræðir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Stefna Hvalfjarðarsveitar skv. aðalskipulaginu er að efnistaka verði „takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu“. Af þessu leiðir að umrædd breyting á aðalskipulagi er veigameiri en ella og ákvörðun um hana verður ekki tekin nema að undangenginni heildarúttekt á efnispörf og mögulegum efnistökusvæðum í sveitarfélaginu.	Framkvæmdaraðili tekur undir með sveitarfélaginu að mikilvægt er að ákvörðun um framtíðarefnistökusvæði byggji á heildarúttekt á efnispörf og mögulegum efnistökusvæðum. Í slíkri úttekt er mikilvægt að horfa til gæða jarðefna sem eru í boði í sveitarfélaginu. Framkvæmdaraðili hefur látið vinna rannsóknir á jarðefnum í Gandheimum og er niðurstaðan að þar er að finna mjög gott efni m.t.t. eiginleika þess til burðarlaga, fyllinga og slitlaga.
Hvalfjarðarsveit	Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að umferð í tengslum við efnistöku sé áætluð miðað við heildarefnistökmagn sem ræðst af eftirspurn eftir efnistöku á svæðinu sem getur þar af leiðandi verið í skorpum en búast má við að umferð frá svæðinu gæti verið umtalsverð og er það mat Hvalfjarðarsveitar að betur megi gera grein fyrir áhrifum þessarar miklu umferðar á innviði sveitarfélagsins s.s. Þjóðveg 1.	Við undirbúning umhverfismatsskýrslu var haft samráð við Vegagerðina um áherslur í umfjöllun um umferð og aðkomu að efnistökusvæðinu. Í kafla 6.3, í umhverfismatsskýrslu, er niðurstaða þess samtals. Framkvæmdaraðilar og landeigendur verða í samráði við Vegagerðina þegar unnið verður að útfærslu Vesturlandsvegur og hvernig flutningum til og frá svæðinu verði háttað. Sömuleiðis munu framkvæmdaraðilar skoða í samráði við Vegagerðina hvaða aðgerðir þarf að fara í við núverandi gatnamót til að tryggja gott flæði umferðar og flutninga, ásamt því að tryggja umferðaröryggi t.a.m. með því að útbúa fráreinar við gatnamótin. Þá getur nánar nýst mjög vel í þær framkvæmdir sem fylgja tvöföldun Vesturlandsvegur, sem er á döfinni skv. samgönguáætlun.
Hvalfjarðarsveit	Það er mat Hvalfjarðarsveitar að umhverfismatsskýrslan sé að öðru leyti fullnægjandi í aðalatriðum, sé byggð á traustum gögnum, að úrvinnsla gagna hafi verið vönduð og að mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa sé allvel rökstutt og skipulega fram sett. Skýrslan ber það með sér að tekið hafi verið tillit til ábendinga sem fram komu við kynningu á matsáætlun, svo sem með því að láta gera sérstakar rannsóknir á vistgerðum og fuglalífi.	Umsögn kallar ekki á viðbrögð.
Minjastofnun	[...] Minjastofnun hefur ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna fyrir efnistöku í landi Gandheima (mál nr. 0036/2026). Búið er að skoða svæðið á vettvangi með tilliti til fornleifa, eins og fram kom í umsögn (dags. 23. mars 2023) MÍ um matsáætlun og ættu fornleifa ekki að verða fyrir raski.	Umsögn kallar ekki á viðbrögð.